

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna skipulagsákvæða um stakar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun staðfesti 19. mars 2024 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 16. ágúst 2023.

Í breytingunni felst að í ákvæðum fyrir stakar framkvæmdir er gert ráð fyrir að heimilaðar verði tímabundnar framkvæmdir, eftirlits- og rannsóknarstarfsemi s.s. tilraunaborholur, rannsóknamöstur (allt að 80 m), skoðun jarðefna, tímabundnar vinnubúðir, aðstaða verktaka vegna framkvæmda o.fl. Leitast skal við að að framkvæmd lokinni verði framkvæmdasvæði aðlagð aðliggjandi svæði þannig að sem minnst áhrif verði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 19. mars 2024.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2024